

REGLUGERÐ UM KJÖR BORÐTENNISMANNS OG -KONU ÁRSINS:

1. gr. *Atkvæðisréttur og kjör*

Atkvæðisrétt um kjör á borðtennismann og -konu ársins hafa allir virkir leikmenn 16 ára og eldri á styrkleikalista BTÍ hverju sinni, stjórn og varastjórn BTÍ og landsliðsþjálfarar.

Sá borðtennismaður og -kona sem flest atkvæði fá verða borðtennismaður og -kona ársins. Fáir tveir eða fleiri leikmenn jafnmörg atkvæði sker hlutkesti úr um hver/hvor skuli hljóta titilinn.

2. gr. *Framkvæmd*

Stjórn BTÍ hefur umsjón með kosningunni og ákveður form hennar en hún getur farið fram á tilteknum kjörstöðum eða verið rafræn.

Ef kosningin er rafræn skal hún kynnt á heimasíðu og samfélagsmiðlum BTÍ og vera opin ákveðið tímabil, mest ein vika.

Ef kosningin fer fram á ákveðnum kjörstað eða kjörstöðum skal hún vera auglýst á heimasíðu og samfélagsmiðlum BTÍ með tveggja vikna fyrirvara. Kjörseðlar skulu afhentir og þeir útfylltir á kjörstað og þeir síðan settir í lokaðan kjörkassa. Ekki er heimilt að greiða atkvæði fyrir aðra. Stjórn BTÍ er heimilt að fela héraðssamböndum og íþróttabandalögum utan höfuðborgarsvæðisins eða sérráðum þeirra ofangreinda framkvæmd.

Kosningin skal vera leynileg.

Stjórn BTÍ skal telja atkvæði og annast hlutkesti verði atkvæði jöfn. Við talningu skulu a.m.k. tveir stjórnarmeðlimir vera viðstaddir.

3. gr. *Tilkynning úrslita*

Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands mun tilkynna úrslitin í hófi þar sem íþróttamenn sérsambanda verða heiðraðir.

Þannig samþykkt á stjórnarfundum þann 8. nóvember 2012.

Jafnframt er felld úr gildi eldri reglugerð ásamt síðari breytingum um kjör borðtennismanns og -konu ársins.

Breyting þar sem heimild var veitt til að hafa kosningu rafræna samþykkt á stjórnarfundum þann 5. desember 2018.

Stjórn borðtennissambands Íslands.